

Mánudaginn 2. mars 1998.

Nr. 87/1998.

Kolbrún Engilbertsdóttir

(Sigurður Guðmundsson hdl.)

gegn

Ríkharð Sigurðssyni

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 1998, þar sem leyst var úr kröfum aðila um málskostnað í máli, sem lokið var að öðru leyti með sátt. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmd til að greiða kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 1998.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. janúar sl. Það er höfðað af Ríkharð Sigurðssyni, kt. 090162-3149, Jónuseli 8, Reykjavík, gegn Kolbrúnu Engilbertsdóttur, kt. 160752-3499, Laugateigi 13, Reykjavík, með stefnu, birtri 3. október 1997. Málið var þingfest 7. október 1997.

Í stefnu eru gerðar þær kröfur, að samningi aðila frá 16. júlí 1993 um forsjá dóttur þeirra, Teresu Tinnu Ríkharðsdóttur, kt. 290388-2449, verði breytt þannig, að forsjá stefndu yfir barninu verði felld niður og stefnanda dæmd forsjá þess. krafist er málskostnaðar að skaðlausu eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu var lögð fram greinargerð 11. nóvember sl., þar sem krafist er sýknu af kröfum stefnanda í málinu, þannig, að stefnda fari áfram með forsjá barnsins. Einnig er krafist málskostnaðar.

Með úrskurði dómsins 5. nóvember sl. var stefnanda falin forsjá barnsins til bráðabirgða. Í úrskurðinum er tekið fram, að ákvörðun um málskostnað bíði dóms um varanlega forsjá.

Í þinghaldi 30. janúar sl. varð sátt með málsaðilum um, að stefnandi færi með forsjá barnsins. Báðir málsaðilar gerðu kröfu um málskostnað, og er úrskurður þessi kveðinn upp af því tilefni, sbr. 2. mgr. 108. gr. og 2. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Kröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu samkvæmt vinnuskýrslu lögmanns stefnanda og vegna útlagðs kostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnda hefur gjafsókn í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dagsettu 30. desember 1997. Einnig er af hennar hálfu mótmælt kröfu stefnanda um málskostnað. Ekki eru gerðar athugasemdir við einstaka liði í málskostnaðarkröfu stefnanda að öðru leyti en því, að mótmælt er, að stefndu verði gert að greiða kostnað vegna fyrra máls, sem áður var rekið milli málsaðila.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála þykir rétt, að stefnda greiði hluta málskostnaðar stefnanda, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur. Málskostnaður er aðeins ákveðinn vegna rekstrar þessa máls, en ekki vegna útlagðs kostnaðar í fyrra máli.

Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, samtals 363.800 krónur, þ. m. t. þóknun lögmanns hennar, Sigurðar Guðmundssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 360.000 krónur, en útlagður kostnaður er 3.800 krónur samkvæmt kvittunum, sem stefnda hefur lagt fram í málinu. Einnig hefur verið lögð fram vinnuskýrsla lögmannsins, þar sem fram kemur sundurliðaður vinnustundafjöldi hans í þágu málsins. Í gjafsóknarbeiðni stefndu er óskað eftir því, að gjafsóknin taki einnig til rekstrar málsins um forsjá barnsins til bráðabirgða og aðfarargerðar, sem stefnda hafi beiðst á grundvelli 75. gr. barnalaga nr. 20/1992. Í gjafsóknarleyfi eru engar takmarkanir á gjafsókn að þessu leyti, en í bréfi dómismálaráðuneytisins, dags.

30. desember 1997, sem fylgdi leyfinu, er vísað til gjafsóknarbeiðni stefndu.

Úrskurðinn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnda, Kolbrún Engilbertsdóttir, greiði stefnanda, Ríkharð Sigurðssyni, 400.000 krónur í málskostnað.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, samtals 363.800 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun lögmanns hennar, Sigurðar Guðmundssonar hdl., 360.000 krónur.
